

**SKIPULAGSSKRÁ**  
**fyrir Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður**  
**og Magnúsar Jónassonar bóna.**

1. gr.

*Nafn sjóðs, heimili og varnarþing.*

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bóna, hér eftir nefndur minningarsjóðurinn. Sjóðurinn er í daglegu tali kallaður Bjargarsjóður.

Minningarsjóðurinn er stofnaður við Háskóla Íslands 22. desember 2008, samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Soffia Þuríðar Magnúsdóttur, f. 3. júlí 1922, d. 28. febrúar 2005, frá 25. apríl 2001.

Minningarsjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Minningarsjóðurinn er í vörlu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem eru í fjárvörlu þeirra, Sæmundargötu 6, Reykjavík. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

*Tilgangur og markmið sjóðsins.*

Markmið minningarsjóðsins og hlutverk er að styrkja hjúkrunarfæðinga og ljósmæður til framhaldsnáms. Hjúkrunarfæðingar sem lokið hafa meistaránámi í ljósmóðurfræði til starfsréttinda skulu hafa forgang umfram aðra hjúkrunarfæðinga um styrki úr minningarsjóðnum. Styrkir skuli veittir til doktorsnáms og/eða til nýdoktora samkvæmt úthlutunarreglum.

3. gr.

*Stofnframlag minningarsjóðsins og tekjur.*

Stofnframlag minningarsjóðsins eru allir þeir fjármunir sem Soffia Þuríður Magnúsdóttir, kt. 030722-4939, ánaðnaði sjóðnum í erfðaskrá sinni, samtals 25.000.000 kr. Stofnframlag minningarsjóðsins er óskerðanlegt.

Tekjur minningarsjóðsins eru vextir af stofnfé, svo og gjafir er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

*Stofnandi sjóðsins.*

Soffia Þuríður Magnúsdóttur var fædd 3. júlí 1922. Þuríðarnafnið fékk hún eftir móðurömmu sinni. Soffia var einkadóttir og frumburður foreldra sinna, þeirra Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar, sem bjuggu allan sinn búskap í Túnigarði á Fellsströnd í Döllum. Hún átti einn bróður, Gest, sem var tveimur árum yngri en hún.

5. gr.

*Stjórn minningarsjóðsins.*

Stjórn minningarsjóðsins skal skipuð af rektor Háskóla Íslands til tveggja ára í senn. Rektor Háskóla Íslands tilnefnir einn en háskólaráð tvo.

Stjórnin hefur eftirlit með ráðstöfun og meðferð fjármuna og fer yfir ársreikninga sjóðsins. Stjórnin skal setja úthlutunarreglur og nánari starfsreglur um úthlutani, s.s. einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, allt í samræmi við skipulagsskrá þessa. Fjöldi styrkja sem veittur er árlega skal taka mið af því að styrkþega muni um fjárhæðina.

Reglur um úthlutun styrkja úr minningarsjóðnum skal endurskoða reglulega.

Hlutverk stjórnar er að halda utan um málefni sjóðsins og kynningar- og umsóknarferli í samstarfi við Styrktarsjóði Háskóla Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

## 6. gr.

*Fundir stjórnar.*

Formaður stjórnar minningarsjóðsins skal boða til stjórnarfunda sjóðsins. Stjórnin tekur ákvörðun um fjárhæð styrkja og velur styrkþega úr hópi umsækjenda. Við styrkveitingar skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins. Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihluti stjórnar sækir fund.

Stjórn minningarsjóðsins úthlutar styrkjum að minnsta kosti á tveggja ára fresti í samræmi við úthlutunarreglur.

Að jafnaði tilkynnir rektor Háskóla Íslands styrki við hátiðlega athöfn. Stjórn minningarsjóðsins getur ákveðið í ljósi ávöxtunar eða annarra aðstæðna að safna saman leyfilegri úthlutun milli reikningsára og úthluta í einu lagi lausum hlut samkvæmt reikningsskilum.

Sjóðstjórn heldur fundargerðabók og skilar fundargerðum til Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

## 7. gr.

*Umsýsla og endurskoðun sjóðsins.*

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun minningarsjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma miðað við fjárfestingastefnu styrktarsjóðanna.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið og hófst fyrsta reikningsár hans 1. janúar 2009. Reikningar minningarsjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir með sama hætti og aðrir reikningar í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

## 8. gr.

*Um breytingar á skipulagsskránni.*

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á breytingum á stofnskrá þessari. Skipulagsskránni var breytt og ný skipulagsskrá samþykkt á stjórnarfundum 20. september og 18. október árið 2019.

Ekki skal gera breytingar á tilgangi hans, af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Minningarsjóðinn skal ekki leggja niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnar og skal hrein eign hans þá renna til stuðnings námsbrautar í ljósmóðurfræði við hjúkrunardeild Háskóla Íslands. Slíkt skal borið skriflega undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

## 9. gr.

*Staðfesting.*

Um starfsemi minningarsjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlands vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 1248/2008.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 17. september 2020,*

**Björn Hrafnkelsson.**

---

*Auður Steingrimsdóttir.*